

Landeigendur Reykjahlíðar ehf.
Lágmúla 5
108 Reykjavík.

Iðnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið
rammaáætlun@rammaáætlun.is

Reykjavík 11.11.2011.

Efni: Umsögn um tillögu að drögum til þingsályktunar um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Fyrir hönd LR ehf. mótmælir undirritaður fyrirhugaðri tillögu um að setja Gjástykki í verndarflokk.

Það vekur furðu að slíkur yfiringur skuli vera við hafður á landi þar sem öllum er ljóst að stærstur hluti þess er með beinum eignarrétti, þ.e. eign landeigenda í Reykjahlíð.

Ekkert samráð hefur verið haft við landeigendur Reykjahlíðar um þessa einhliða ákvörðun. Hér er því ekki um faglega né málefnalega ákvörðun að ræða. Þessi ákvörðun er tekin af aðilum sem í raun hafa enga hagsmuni að gæta á viðkomandi svæði. Svæðið er um 100km² stórt og áætlað svæði til röskunar er um 2,5% af þeirri stærð. Óbreytt ákvörðun um Gjástykki í verndarflokk getur leitt til bótaskyldu vegna tjóns sem slík ákvörðun gæti leitt til. Áskilinn er réttur til skaðabóta.

Allir aðilar á svæðinu þ.e. þrjú sveitarfélög ásamt LR ehf. eru sammála um það hvernig þessu svæði verði best borgið í framtíðinni. Það er gífurlega mikið hagsmunamál að vel takist til fyrir alla á svæðinu.

Í ljósi þess hversu vel hefur tekist til með virkjun við Kröflu í góðu samspili við og með ferðaiðnaðinum þá er ekki hægt að líta framhjá þeirri staðreynd að slíkt styrkir hvort annað. Það er ekki á mörgum stöðum í heiminum þar sem hægt er að upplifa ótrúlega náttúru og um leið að sjá jarðvarmavirkjun sem framleiðir græna orku.

Stjórn LR ehf. tekur undir umsögn allra sveitarfélaga á svæðinu dags.2.11.2011 þ.e. Norðurþing,Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepps um þessi drög að þingsályktun sem send hefur verið inn til ráðuneytisins.

f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf.


Ólafur H. Jónsson formaður LR ehf.